

Fundargerð 135. fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 23. janúar 2023 í Múlanum í Neskaupstað og hófst hann kl 14:40.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Berglind Harpa Svavarsdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson og Puriður Lilly Sigurðardóttir. Þráinn Lárusson og Sæunn Stefánsdóttir tóku þátt í gegnum Teams. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi. Axel Örn Sveinbjörnson afboðaði sig og ekki tókst að boða varamann.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Berglind Harpa formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár

1. Fundargerð stjórnarfundar nr. 134

- Fundargerðin var samþykkt af stjórn og verður undirrituð rafrænt

2. Fjárfestingaverkefnið

- Framkvæmdastjóri kynnti verkefnið og fór yfir stöðu mála. Ýmsir hafa sett sig í samband við Austurbrú bæði aðilar á svæðinu og utan þess og er áframhaldandi vinna í gangi innan Austurbrúar um að hvetja til fjárfestinga á svæðinu.

3. Ýmis verkefni

- Nýtt verkefni – Framkvæmdastjóri kynnti erindi til sveitarfélaganna og stöðu undirbúningsvinnu fyrir nýtt verkefni á sviði hringrásarhagkerfisins, orkuskipta og nýsköpunar á Austurlandi. Samhliða fór framkvæmdastjóri yfir samningsdrög en stefnt er að undirritun 1-2 febrúar með stofnaðilum verkefnisins. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna að áframhaldandi undirbúningi og ganga frá samningum og öðru er tengjast stofnun verkefnisins í samræmi við erindið til sveitarfélaganna.
- Þróunarverkefnið LÍSA – Staðfest er heimild framkvæmdastjóra til stofnunar á félagi fyrir rekstur á þróunarverkefninu LÍSU í samræmi við samskipti við stjórn á milli funda.

4. Önnur mál sem tengjast starfsemi Austurbrúar

- Framkvæmdastjóri sagði frá stöðu mála er tengist beinu millilandaflugi Condor til Egilsstaða og Akureyrar. Framundan er kynningarfundur hjá Condor meðal ferðaskrifstofa og er mjög góð skráning, um 280 söluaðilar frá ferðaskrifstofum í Þýskalandi hafa skráð sig á fundinn. Umræður voru hjá stjórn um tækifærin sem felast í þessu flugi fyrir atvinnulíf á svæðinu. Frankfurtarflugvöllur er einn stærsti tengiflugvöllur í Evrópu og þaðan er flogið til yfir 300 áfangastaða um allan heim af um 80 flugfélögum.

Ekki fleiri mál á dagskrá fundi slitið kl 15:40